

## GJALDSKRÁ

**fyrir fráveitugjald og rotþróargjald í Grýtubakkahreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grýtubakkahreppi skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur, rotþrær, siturlagnir og meðhöndlun seyru í Grýtubakkahreppi.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja íbúð og sumarhús sem ekki er tengt fráveitu sveitarfélagsins skal vera árlega kr. 8.800 fyrir rotþrær 3.000 l og stærri og kr. 5.500 fyrir rotþrær minni en 3.000 l.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. nóvember og 17. desember 2012 samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitu nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

*Grenivík, 11. janúar 2013.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.